

39.tbl.
2. nóv. 2022
29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Almenn guðsþjónusta

Sunnudaginn 6. nóvember verður Hafdís Davíðs-dóttir sett inn í embætti sem sóknarprestur Laufásprestakalls. Athöfnin verður í Grenivíkirkirkju kl. 14.00. Á eftir verður boðið upp á kaffiveitingar í boði sóknanna. Hvetjum ykkur til að mæta.

kveðja
Sóknarnefnd Hálssóknar



Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Árlegur jólamarkaður í samstarfi Skógræktarinnar á Vöglum og handverksfólks í Þingeyjarsveit verður haldinn laugardaginn 10. desember n.k. í Vaglaskógi. Handverksfólk og aðrir sem áhuga hafa á að sýna og selja sínar vörur á markaðnum vinsamlegast hafið samband við Rúnar í síma/netfang [896-3112](tel:896-3112)/runar.isleifsson@skogur.is fyrir 8. nóvember n.k.

Takmarkað pláss í boði.
Skógræktin Vöglum





Fréttatilkynning

Ljósmyndasýning Hermanns frá Hvarfi, „Með mínum augum“ í Deigluinni, Listagili 4. – 6. nóvember.

Föstudaginn 4. nóv kl. 16 opnar sýning Hermanns Gunnars Jónssonar, þar sem hann sýnir 37

ljósmyndir. Ef þú ert ekki viðbundinn og hefur nokkurn áhuga á að líta við þá láttu það eftir þér og vertu velkominn. Boðið verður uppá léttar veitingar og aðgangseyrir enginn.

Sýningin stendur aðeins þessa einu helgi og er opin sem hér segir: föstudag kl. 16:00 – 20:00,

laugardag kl. 11:00 – 17:00 og sunnudag kl. 11:00 – 17:00.

Frá Elsu Maríu Guðmundsdóttur, sýningarstjóra:

„Hermann Gunnar hefur um árabíl fangað fegurð íslensks landslags með ljósmyndum sínum og beinir sjónum oftar en ekki að næsta nágrenni Grenivíkur, Gjögorskaga og Bárðardals.

Myndir Hermanns bera vott um næmt auga fyrir náttúrunni, hinu smáa jafnt sem stóra. Í myndum hans leika lipurlega saman birta, skuggar, spegilmyndir og form. Fólk, hestar og gróður birtast í verkum hans, í einföldum fallegum takti við form í náttúrunni, þannig að engu er ofaukið“

Félagsstarf eldri borgara í Þingeyjarsveit



Næsta samverustund verður þriðjudaginn
8. nóvember í Þingeyjarskóla

Hádegismatur er í boði kl. 13 og kostar 800 kr.

**Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta
fyrir hádegi á mánudag í síma 464 3583**

Dagskrá hefst kl. 13:45 með skemmtun af ýmsu tagi

Félagsstarf eldri borgara Þingeyjarsveit er á vegum Þingeyjarsveitar
og fólk þarf ekki að vera í Félagi eldri borgara til þess að vera með

**Félagsstarfið er í boði fyrir 60 ára og eldri
og eru allir hvattir til að mæta**

Maður er manns gaman og sjáumst sem flest!

Hanna Magga og Svana



NÁMSKEIÐ Í ÚRBEININGU

LAUGARDAGINN 19. NÓVEMBER
KL. 09:00 - 16:00
Í MATARSMÍÐJUNNI Á LAUGUM

Á þessu námskeiði er farið í gegnum helstu aðferðir við
sundurhlutun og vinnslu á einum ærskrokk. Farið er í nýtingu,
hreintæti og þökkun.

Eftir námskeiðið eiga þátttakendur að hafa ódólast aukna innsýn í
hvernig skal vinna að og nýta skrokk og ganga frá honum sem
best verður til geymslu.

Innifalið í námskeiðinu er einn skrokkur á hvern þátttakenda sem
hann fær að taka með heim að loknu námskeiði, unnin eftir eigin
óskum. Einnig er möguleiki að koma með eigin skrokk hvort sem
hann er í heilu lagi eða hefðbundinni 7 parts sögun.

Þetta námskeið hentar öllum sem vilja auka þekkingu sína á
vinnslu og frágangi afurða, sérstaklega þeim sem hafa áhuga á
heimavinnstu afurða.

**SKRÁNING Á HAC.IS
S. 464-5100
VERÐ: 60.000 KR.**

Þátttakendum er bent á að kanna rétt sinn
til endurgreiðstu hjá sínu stéttarfélagi



Skannið kóðann til
að skrá ykkur



Sunnudagaskóli Einarstöðum

6. nóvember klukkan 11:00

Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag 6. nóvember klukkan 11:00. Sunnudagaskólinn verður í umsjá Toru Katinku Bergeng. Henni til aðstoðar verður séra Magnús G. Gunnarsson. Söngur, leikir og sögur.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.S



Messa á Þóroddsstað

Messa verður á Þóroddsstað næstkomandi sunnudag, 6. nóvember klukkan 14:00. Prestur verður séra Magnús G. Gunnarsson.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.



Fundargerð

8. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Skjólbrekku, miðvikudaginn 28. september 2022, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Eygló Sófúsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Helgi Héðinsson, Jón Hrói Finnsson og Anna Bragadóttir.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri.

Eypór Kári Ingólfsson boðaði forföll. Anna Bragadóttir sat fundinn í hans stað.

Oddviti óskaði eftir heimild til að taka fundargerð 4. fundar skipulagsnefndar frá 21. september 2022 á dagskrá með afbrigðum, sem var samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn hafnaði að taka mál nr. 2103040 "Hólsvirkjun; skipting á leigugreiðslum" á dagskrá þar sem fulltrúum hefur ekki gefist tími til að kynna sér gögn málsins.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra - 2208031

Sveitarstjóri fer yfir það helsta úr starfsemi sveitarfélagsins síðastliðnar vikur. Lagt fram.

2. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2023-2026 - 2208046

Lagt fram 6 mánaða yfirlit ársins 2022. Umræður um tímaáætlun vinnu við gerð fjárhagsáætlunar. Drög að rekstrarreikningi fyrstu 6 mánaða ársins kynnt. Samþykkt að stefna að aukafundi um fjárhagsáætlun þegar ítarlegri greiningar á stöðu fjárhags liggja fyrir. Samþykkt

3. Gafli félag um Þingeyskan byggingararf - Gerð húskannana í Þingeyjarsveit - 2208-049

Lagt fram erindi Gafls, félags um Þingeyskan byggingararf, sem hvetur sveitarstjórn til að gera húsakannanir eða sérstaka athugun í sveitarfélagið með það fyrir augum að varðveita merk mannvirki sem hafa byggingarlistarlegt og/eða menningarsögulegt gildi og veita þeim viðurkenningu sem vel standa að endurgerð og viðhald gamalla mannvirkja.

Sveitarstjórn þakkar Gafli, félagi um Þingeyskan byggingararf fyrir erindið og felur byggingafulltrúa að afla upplýsinga frá þar til bærum aðilum, um byggingar í sveitarfélaginu sem falla undir skilgreiningar Gafls. Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndir um verðlaun til þeirra sem vel hafa staðið að endurbyggingum og vísar erindinu til umfjöllunar í þrótt- og tólmstundanefndar, sem fer með menningarmál. Samþykkt

4. Birkihraun 6 - þakviðgerðir - 2207016

Þakið í Birkihrauni 6 hefur lekið síðustu ár og hefur ýmist verið gert til þess að reyna að stöðva lekann. Skipt hefur verið um þakkanta og þakrennur endurnýjaðar, fyllt í lofttúður og fleira. Síðast var skipt út nögllum sem að voru á þakinu og settar

Þakskráður í staðinn. Það hefur ekki borið árangur og lak þakið aftur aðfaranótt miðvikudagsins 21. september.

Kostnaður við viðgerð á þakinu er áætlaður á bilinu 1,8 m.kr. - 4 m.kr.

Til máls tóku: Knútur, Helgi, Gerður, Jón Hrói, Jóna Björg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráðist verði í nauðsynlegar viðgerðir á þaki Birkihrauns 6 á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og felur umsjónarmanni framkvæmda að hafa umsjón með verkefninu. Verkið verður fjármagnað með langtímaláni. Samþykkt

5. Fundur með þingmönnum Norðausturkjördæmis - 2202009

Í tölvupósti frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur dagsettu 24. september 2022, boðar hún til fundar sveitarstjórnarfulltrúa með þingmönnum kjördæmisins 4. október nk. kl. 12:15-13:00 í Reykjahlíð.

Til máls tók Helgi, Jóna Björg, Knútur, Halldór og Gerður.

Helgi lagði til að útbúið verði minnisblað með forgangsmálum sveitarfélagsins til að byggja samtalið á og afhenda þingmönnum. Lagt fram

6. Kosningar í nefndir, ráð og stjórnir - 2206018

Afgreiðslu frestað Frestað

7. Fundir stjórnar SSNE 2022-2026 - 2209048

Fundargerðir stjórnar SSNE frá 8. júní 2022, 17. ágúst 2022 og 7. september 2022 lagðar fram til kynningar. Fundargerðirnar eru aðgengilegar á <https://www.ssne.is/is/fundargerdir>. Lagt fram til kynningar. Lagt fram

8. Kröfugerð vegna ágalla á ferli við ráðningu skólustjóra við

Stórutjarnaskóla - 2106044. Fært í trúnaðarbók.

9. Seigla - Útboð - 2207008

Þann 6. júlí sl. samþykkti sveitarstjórn að bjóða útframkvæmdir í Seiglu. Áætlað var að bjóða verkið út í tvennu lagi, annars vegar uppsteypu lyftustokks og lóðarfrágang og hins vegar uppbyggingu innanhúss. Engin tilboð bárust í fyrri áfanga verksins þegar lýst var eftir tilboðum.

Fulltrúar E-lista leggja til að útboði innanhússframkvæmda verði frestað tímabundið og að norðurhluti hússins fari strax í leigu.

Til máls tók: Jóna Björg og Gerður

Sveitarstjórn samþykkir að fresta útboði innanhússframkvæmda þar til farið hefur verið yfir forsendur verkefnisins með hliðsjón af hugmyndum um nýtingu húsnæðis sveitarfélagsins í Kjarna. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að bjóða fyrri leigjendum húsnæðis í norðurenda hússins að leigja þau rými sem þeir leigðu áður. Samþykkt

10. Reglur um rjúpnaveiðar á Þeistareykjum - 2209049

Fulltrúar K-lista leggja til að settar verði reglur um rjúpnaveiði á Þeistareykjum líkt og gert var árið 2021 sbr. fundargerð atvinnuálanefndar: <https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/fundargerdir/>

atvinnumalanefnd/31-fundur-1 og afgreiðslu sveitarstjórnar: <https://www.thingeyjarsveit.is/is/stjornsysla/fundargerdir/sveitarstjorn/306-fundur>.

Til máls tóku: Árni Pétur, Jón Hrói, Eygló og Knútur.

Sveitarstjórn samþykkir að viðhaft verði sama fyrirkomulag á rjúpnaveiði á Þeistareykjum og 2021. Heimil verður skipulögð rjúpnaveiði á Þeistareykjum með takmörkuðum fjölda leyfa gegn gjaldi sem miðast við miðgildi gjalda annarra sölu-aðila á hlunnindi.is. Samþykkt að salan fari fram á vefsíðunni hlunnindi.is. Rjúpnaveiði verður því óheimili á Þeistareykjum án leyfis. Samþykkt að Sæþór Gunnsteinson verði tengiliður sveitarfélagsins við veiðimenn. Sveitarstjóra falið framlengja samning við hlunnindi.is og auglýsa skipulagða rjúpnaveiði á Þeistareykjum í þar til bærum miðlum. Samþykkt

11. Þórdís Þórisdóttir - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi Ljósavatn - 2209021

Tekið fyrir erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um umsókn Þórdísar Þórisdóttur um rekstrarleyfi gistingar í flokki II vegna Ljósavatn Guesthouse.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að veitt verði rekstrarleyfi, með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirliti og eldvarnareftirliti, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007. Samþykkt

12. Fundargerðir Almannaþingarnefndar í umdæmilögreglustjórans á Norðurlandi Eystra (ALNEY) - 2209050

Fundargerð haustfundar ALNEY lögð fram til kynningar ásamt rekstraráætlun sem samþykkt var á fundinum. Óskað er staðfestingar sveitarstjórnar á framlögum ársins 2023 samkvæmt rekstraráætluninni. Til máls tóku: Jón Hrói og Jóna Björg Sveitarstjórn samþykkir framlög til ALNEY fyrir árið 2023 að fjárhæð kr. 190,- á hvern íbúa, samtals kr. 256.500,-.

13. Samstarfssamningur um almannavarnir - 2206015

Á haustfundi Almannaþingarnefndar í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra (ALNEY) var undirritaður nýr samstarfssamningur um rekstur nefndarinnar skv. ákvæðum laga um almannavarnir nr. 82/2008, með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Nýr samningur er lagður fram til staðfestingar. Til máls tóku:

Sveitarstjórn staðfestir samstarfssamning um almannavarnir í umdæmi lögreglustjórans í Norðurlandi eystra. Samþykkt

14. Samstarfssamningur um rekstur Matarskemmunnar og nýtingu húsnæðis - 2209034

Lögð fram drög að samstarfssamningu um rekstur Matarskemmunnar á Laugum og um leigu á húsnæði undir matvælavinnslu í Kvíhólsmýri 1a og 1b þar sem Þingeyjarsveit skuldbindur sig til að útbúa hluta húsnæðisins undir fullvinnslu matvæla til að leigja óstofnuðu fyrirtæki núverandi rekstraraðila.

Til máls tóku: Helgi, Jón Hrói, Árni Pétur og Knútur.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna drög að samningi við félagið Úr héraði ehf., um afnot af syðsta hluta hússins (Iðnbæjar) með hliðsjón af athugasemdum Atvinnu- og nýsköpunarnefndar þann 19.09.2022, sem lögð verði fyrir sveitarstjórn á næsta fundi. Jóna Björg vék af fundi kl. 11:06.

Samþykkt með átta atkvæðum viðstaddra fundarmanna. Samþykkt

15. Íþrótt- og tómstundanefnd - 1 - 2209006F

Fundargerð 1. fundar íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var lögð fram til afgreiðslu á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

Til máls tóku Ragnhildur, Helgi, Knútur og Gerður.

Fundargerð 1. fundar íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var lögð fram til staðfestingar á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

15.1 2209016 - Kjör varaformanns íþrótt- og tómstundanefndar

Afgreiðsla íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

15.2 2208027 - Erindisbréf íþrótt- og tómstundanefndar

Afgreiðsla íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

15.3 2208044 - Umsjónarmaður félagsstarfs eldri borgara

Afgreiðsla íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

15.4 2206024 - Starf æskulýðs- og tómstundafulltrúa

Afgreiðsla íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022. Sveitarstjórn samþykkir að fela nefndinni að vinna drög að æskulýðsstefnu Þingeyjarsveitar. Nefndinni er einnig falið greina þörfina fyrir akstur og gera tillögur að fyrirkomulagi ef þörfin reynist vera fyrir hendi.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með frumkvæði Aðalbjörns Jóhannssonar, tómstunda- og æskulýðsfulltrúa, að stofnun Hinseginfélags Þingeyinga.

15.5 1904017 - Heilsueflandi samfélag

Afgreiðsla íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022. Sveitarstjórn samþykkir að vera áfram aðili að verkefninu Heilsueflandi samfélag og að því verði fundinn farvegur í samráði við fræðslu- og velferðarnefnd.

15.6 2208013 - Fundadagatal 2022-2023

Afgreiðsla íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

15.7 2209019 - Fjölmening

Afgreiðsla íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022. Sveitarstjórn lýsir vilja til að ráða í starf fjölmenningsfulltrúa og vísar ákvörðun um ráðningu fjölmenningsfulltrúa til umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2023-2026 og til umræðu í sameiningarnefnd.

15.8 2209025 - Íþróttamannvirki í sameinuðu sveitarfélagi

Afgreiðsla íþrótt- og tómstundanefndar frá 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

16. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 1 - 2209003F

Fundargerð atvinnu- og nýsköpunarnefndar frá 1. fundi nefndarinnar þann 19. sept var lögð fram til staðfestingar á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

Fundargerð 1. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar frá 19. september 2022 var lögð fram til staðfestingar á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

16.1 2209024 - Kosning varaformanns atvinnu- og nýsköpunarnefndar

Afgreiðsla atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 1. fundi hennar þann 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

16.2 2208025 - Erindisbréf atvinnu- og nýsköpunarnefndar

Afgreiðsla atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 1. fundi hennar þann 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

16.3 2208013 - Fundadagatal 2022-2023

Afgreiðsla atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 1. fundi hennar þann 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

16.4 2209031 - Minnisblað um fjallskil og afránsstjórnun

Afgreiðsla atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 1. fundi hennar þann 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

16.5 2209034 - Samstarfssamningur um rekstur Matarskemmunar og nýtingu húsnæðis Afgreiðsla atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 1. fundi hennar þann 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

16.6 2209033 - Hulda náttúruhugvísindasetur

Afgreiðsla atvinnu- og nýsköpunarnefndar á 1. fundi hennar þann 19. september 2022 var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

17. Skipulagsnefnd - 4 - 2209002F

Fundargerð 4. fundar skipulagsnefndar var tekin á dagskrá með afbrigðum með samþykki allra fundarmanna. Fundargerðin var lögð fram til kynningar og staðfestingar eftir því sem við á sbr. bókanir við einstaka dagskrárliði.

Fundargerð 4. fundar skipulagsnefndar frá 21. september lögð fram til kynningar og afgreiðslu sbr. bókun við einstaka dagskrárliði.

17.1 2204012 - Umsókn um framkvæmdaleyfi við Hverfjall

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.2 2206044 - Léttsteypa byggingarleyfi

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.3 2209032 - Umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku í landi Bergsstaða

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.4 2202011 - Lundarbrekka 2 - afskráning ræktaðs lands úr fasteignaskrá

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.5 2209020 - Hvarf - nafnabreyting og lóðastofnun

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.6 2209035 - Beiðni um heimild til vinnu deiliskipulags

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.7 2209030 - Breyting á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna jarðstrengs

Anna Bragadóttir vakti máls á mögulegu vanhæfi sínu. Sveitarstjórn mat hana vanhæfa til umfjöllunar um málið með 9 atkvæðum. Anna vék af fundi kl. 11:43.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að kynna skipulagslýsingu í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Anna kom aftur til fundar kl. 11:45.

17.8 2103017 - Hótel Laxá - Breyting á deiliskipulagi

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.9 2206049 - Spennistöð í Reykjahlíðarþorpi

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.10 2206039 - Deiliskipulag Hóla og Lautu

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.11 2209040 - Umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku að Garði

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.12 1905026 - Fjósatunga - deiliskipulag

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.13 2208019 - Nípá - Umsókn um byggingarheimild

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.14 2209041 - Umsókn um stofnun lóðar og breytingu á deiliskipulagi

Reykjahlíðar Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

17.15 2002013 - Þeistareykir - deiliskipulag

Sveitarstjórn tekur undir afgreiðslu skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að eiga samtal við Bjarna Reykjalin, verkefnastjóra verkefnisins um stöðu verkefnisins og næstu skref. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir því að Bjarni kynni verkefnið fyrir sveitarstjórn og skipulagsnefnd.

17.16 2208021 - Skipulagsnefnd - Önnur mál

Afgreiðsla skipulagsnefndar á 4. fundi þann 21. september lögð fram til kynningar.

18. Sameiningarnefnd - 3 - 2209009F

Fundargerð 3. fundar sameiningarnefndar þann 27. september var lögð fram til staðfestingar á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september 2022.

18.1 2209052 - Kosning formanns og varaformanns sameiningarnefndar

Afgreiðsla sameiningarnefndar á þriðja fundi var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september.

18.2 2209013 - Stjórnskipulag Þingeyjarsveitar

Afgreiðsla sameiningarnefndar á þriðja fundi var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september.

18.3 2209046 - Verkefnisáætlun sameiningarnefndar

Afgreiðsla sameiningarnefndar á þriðja fundi var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september.

18.4 2208025 - Erindisbréf atvinnu- og nýsköpunarnefndar

Afgreiðsla sameiningarnefndar á þriðja fundi var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september.

18.5 2208026 - Erindisbréf umhverfisnefndar

Afgreiðsla sameiningarnefndar á þriðja fundi var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september.

18.6 2208027 - Erindisbréf íþróttá- og tómstundanefndar

Afgreiðsla sameiningarnefndar á þriðja fundi var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september.

18.7 2208028 - Erindisbréf skipulagsnefndar

Afgreiðsla sameiningarnefndar á þriðja fundi var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september.

18.8 2208014 - Erindisbréf fræðslu- og velferðarnefndar

Afgreiðsla sameiningarnefndar á þriðja fundi var staðfest á 8. fundi sveitarstjórnar þann 28. september.

Fundi slitið kl. 12:00.

Í umfjöllun um rekstrarreikning fyrstu 6 mánaða ársins undir dagskrárlið 2, 2208046 Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar 2023-2026 var byggt á upplýsingum sem komið hefur í ljós að voru rangar. Sú rekstrarniðurstaða sem kynnt var í inngangi oddvita á fundinum og birtist í upptöku er því ekki rétt og launakostnaður ofmetinn um 44,4 m.kr.

Rétt er að taka fram að óendurskoðaður rekstrarreikningur, eins og sá sem lagður var fram og lesinn upp á fundinum, er vinnuskjal við gerð fjárhagsáætlunar og gefur aðeins grófa hugmynd um reksturinn. Reikningurinn sýnir bókfærða stöðu um mitt ár og ýmsar eðlilegar skýringar kunna að vera á mismun á rauntölum og áætlun ársins. Afskriftir og innri leiga eru áætlaðar stærðir. Ályktanir á grundvelli samanburðar við heildaráætlun ársins án frekari greiningar eru því varasamar. Þannig getur innheimtufyrirkomulag fasteignaskatts og árstíðarbundnar sveiflur í innheimtu útsvars haft þau áhrif að tekjur eru minni á fyrri hluta ársins en þeim síðari, sem skekkir samanburðinn. Eins er gert ráð fyrir umtalsverðum framlögum úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar á síðari helmingi ársins sem mun bæta rekstrarniðurstöðuna á ársgrundvelli.

Það að rekstrarniðurstaða á fyrri helmingi ársins í óendurskoðuðu rekstrarreikningi tímabilsins sé neikvæð er því ekki til marks um að fjármálastjórnun hafi verið ábótavant á tímabilinu. Hafi mátt skilja framsetningu upplýsinganna á fundinum þannig, eru stjórnendur Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar á tímabilinu beðnir afsökunar.



Helgistund í Skútustaðakirkju

Helgistund með bæn og orgelleik verður í Skútustaðakirkju næstkomandi sunnudag 6. nóvember klukkan 11:00.

Attila Szebik leikur á orgel kirkjunnar.


Komum og eigum notarlega stund í kirkjunni!
sr. Örnólfur



Íslandsmótið í glímu

Íslandsmót Glímusambands Íslands fer fram á Mývatni 5. nóvember og hefst kl. 10:30. Keppt er í barnaflokkum 10-15 ára og fullorðinsflokkum.

Við hvetjum alla til að koma og sjá besta glímufólk landsins keppa um Íslandsmeistararitla í sínum flokkum.



Árshátíð Stórutjarnaskóla 2022

Árshátíð Stórutjarnaskóla verður haldin
föstudagskvöldið 4. nóvember og hefst kl. 20:00

*Sýnd verða verkin **Greppikló, Dýrin í Hálsaskógi og***

Ónefnt kúrekaleikrit

Aðgangur kr. 3000- Veitingar innifaldar

Frítt fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri

Allur ágóði rennur í ferðasjóð útskriftarnema

Ath. ekki er tekið við greiðslukortum

Sjoppa og dans á eftir

Allir hjartanlega velkomnir

Nemendur og starfsfólk